

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. júní 2023

Mál nr. S-2174/2022:

## Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

## gegn

## Láru Björk Sigrúnardóttur

(*Þórður Heimir Sveinsson lögmaður*)

## D Ó M U R

### I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 12. maí 2023, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 31. október 2022, á hendur Láru Björk Sigrúnardóttur, kt. [...], [...], fyrir eftirtalin hegningarlagaþrot:

1. „Fyrir fjársvik, en til vara skilasvik og til þrautavara umboðssvik, með því að hafa, þann 8. apríl 2019, sem þáverandi fyrirsvarsmaður félagsins [N] ehf., kt. [...] [sic], dregið sér samtals 945.000 krónur með því að framkvæma eina millifærslu af bankareikningi félagsins nr. [...] og inn á persónulegan bankareikning sinn. Með háttsemi sinni misnotaði ákærða sér aðstöðu sína sem prókúruhafi félagsins og dró sér fé af félaginu, auk þess sem hún skerti rétt lánardrottna félagsins til að öðlast fullnægju af eignum þess.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga og til þrautavara við 249. gr. sömu laga.

Mál nr. [...]“

2. „Fyrir fjársvik, en til vara skilasvik og til þrautavara umboðssvik, með því að hafa, þann 2. desember 2020, sem þáverandi fyrirsvarsmaður félagsins [FF] ehf., kt. [...], dregið sér verðmæti, þ.e. bifreiðina [...] af gerðinni Land Rover – Range Rover sport, með því að framkvæma eigendaskipti og skrá bifreiðina af félaginu og yfir á sig sjálfa,

án nokkurs endurgjalds. Að mati skiptastjóra þrotabús Fenris Food ehf. var andvirði bifreiðarinnar að fjárhæð 500.000 krónur. Með háttsemi sinni misnotaði ákærði sér aðstöðu sína og dró sér verðmæti af félaginu, auk þess sem hún skerti rétt lánardrottna félagsins til að öðlast fullnægju af eignum þess.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga og til þrautavara við 249. gr. sömu laga.

Mál nr. [...]“

Gerir ákærvaldið þá kröfu að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við aðalmeðferð málsins upplýsti sækjandi að í ákæruskjali hafi háttsemi ákærðu, ranglega og fyrir mistök, verið talin vera fjársvik, en að rétt hefði verið að vísa til fjárdráttar, enda lúti háttsemislýsing að slíku broti auk þess sem heimfært er til 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er varðar fjárdrátt.

Ákærða neitar sök í báðum ákæruliðum. Gerir hún þá kröfu aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu, en til þrautavara að ákærða verði dæmd til vægustu refsingar. Þá er krafist málskostnaðar.

## *II Málavextir*

Upphaf rannsóknar máls þessa má rekja til tveggja tilkynninga skiptastjóra þrotabús N ehf. og FF ehf. til héraðssaksóknara frá 4. febrúar 2022. Var annars vegar um að ræða tilkynningu um heimildarlausar millifærslur af bankareikningi félagsins N ehf. Í því bréfi greinir nánar tiltekið að 8. apríl 2019 hafi verið millifærðar 950.000 krónur út af bankareikningi félagsins nr. [...] inn á bankareikning ákærðu, sem var þá fyrirsvarsaður félagsins. Þann sama dag hafi TM hf. millifært inn á sama reikning félagsins 943.327 krónur sem bótagreiðslur úr húseigandatryggingu vegna vatnstjóns á fasteign félagsins. Hafi ákærða verið fyrirsvarsaður N ehf. og skráð sem eini stjórnarmaður, prókúruhafi og framkvæmdastjóri þess. Hafi skiptastjóri ítrekað reynt að ná sambandi við ákærðu, án árangurs. Þá hafi skiptastjóri ítrekað sent bréf til ákærðu og óskað eftir að hún setti sig í samband við skiptastjóra til skýrslugjafar. Telur skiptastjóri

að með þessu hafi ákærða rýrt eignir þrotabúsins á kostnað lánardrottna félagsins og þar með hugsanlega brotið gegn ákvæðum almennra hegningarlaga. Með bréfi skiptastjóra voru lögð fram færslufirlit reiknings nr. [...] og tjónskvittun TM hf. frá 8. apríl 2019 vegna vatnstjóns sem átt hafi sér stað 11. ágúst 2018.

Með bréfi skiptastjóra FF ehf. til héraðssaksóknara dagsett þann sama dag greinir að bifreiðin [...], sem sé af gerðinni Land Rover – Range Rover sport, hafi verið skráð í eigu FF ehf., sem tekið hafi verið til gjaldþrotaskipta. Þann 2. desember 2020 hafi verið tilkynnt um eigendaskipti að bifreiðinni til Samgöngustofu. Hafi kaupandi bifreiðarinnar verið ákærða, Lára Björk, en hún hafi einnig verið fyrirvarsmaður hins gjaldþrota félags og skráð sem eini stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þess. Undir tilkynningu um eigendaskipti riti ákærða, bæði fyrir hönd kaupanda og seljanda og er kaupsamningur þar sagður vera 1. desember 2020. Í bréfi skiptastjóra kveðst hann hafa yfirfarið alla bankareikninga félagsins en þar sé ekki að finna innborgun frá ákærðu inn á reikninga félagsins vegna framangreindra bifreiðakaupa. Hafi skiptastjóri ítrekað reynt að ná sambandi við ákærðu, án árangurs. Þá hafi skiptastjóri ítrekað sent bréf til ákærðu og óskað eftir að hún setti sig í samband við skiptastjóra til skýrslugjafar. Telur skiptastjóri að ákærða hafi með þessu gerst sek um refsivert athæfi. Hún hafi rýrt eignir þrotabúsins á kostnað lánardrottna félagsins og þar með hugsanlega brotið gegn ákvæðum almennra hegningarlaga. Með bréfi skiptastjóra var meðal annars lögð fram tilkynning til Samgöngustofu um eigendaskipti bifreiðarinnar, bréf skiptastjóra til ákærðu þar sem lýst er yfir riftun kaupsamningsins og tölvubréf bílasölnunnar Bílalindar þar sem meðal annars er lagt lauslegt mat á verðmæti bifreiðarinnar.

Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu vegna beggja félaganna 12. september 2022.

### *III Framburður ákærðu og vitna*

#### *III.1 N ehf.*

Ákærða kom fyrir dóminn og kvaðst gangast við því að hafa 8. apríl 2019 millifært 945.000 krónur af bankareikningi einkahlutafélagsins N yfir á persónulegan bankareikning sinn. Vísaði ákærða til þess að eiginmaður hennar, sem nú sé látinn, hafi iðulega framkvæmt millifærslur af reikningi félagsins með þessum hætti „til að auka bara

tekjurnar af sínum reikningi til að fá bara meira lán, lánhæfismat frá bankanum“. Eftir andlát hans hafi ákærða haft þennan hátt á áfram, það er að millifæra fé af reikningum félagsins inn á persónulegan reikning sinn og greitt þaðan út kostnað vegna félagsins. Kvaðst ákærða ekki hafa talið sér þetta óheimilt. Ákærða segir umrædda fjármuni hafi alla verið nýttar til greiðslu vegna vinnu vegna vatnstjóns sem hafi orðið á [...], Reykjanesbæ þar sem gæludýrabúðin E hafi verið til húsa, en húsnæðið hafi verið í eigu N ehf. Annars vegar hafi fjárhæðin verið nýtt til greiðslna vegna tjóns á lager og til greiðslu starfsmanna dýrabúðarinnar, en umrædd gæludýraverslun hafi ekki verið rekin af einkahlutafélaginu N ehf. Hins vegar hafi fjárhæðinni verið varið til greiðslu til verktaka sem unnið hafi að endurbótum vegna vatnstjónsins. Ákærða kveðst aðspurð ekki hafa með höndum reikninga vegna vinnu fyrrgreindra iðnaðarmanna. Ákærða vísi hins vegar til þess að hún hafi þann sama dag og fyrrgreind greiðsla hafi borist inn á reikning félagsins millifært 200.000 krónur inn á bankareikning B, 200.000 krónur inn á bankareikning A, 89.000 krónur inn á bankareikning G og 65.000 krónur inn á bankareikning H, en um hafi verið að ræða annars vegar starfsmenn dýrabúðarinnar og hins vegar verktaka. Þá hafi hún þann sama dag tekið út 200.375 krónur í reiðufé af bankareikningi félagsins, en sú fjárhæð hafi verið nýtt til greiðslu vegna fyrrgreinds vatnstjóns. Kveðst ákærða því ekki hafa hagnast á umræddum millifærslum.

Ákærða kveðst hafa tekið við rekstri félaganna N ehf. og FF ehf. við andlát eiginmanns hennar, sem hafi látist 15. mars 2019. Hafi ákærða að litlu leyti verið kunnugt um stöðu félaganna og nær ekkert komið að rekstri þeirra þar til hún hafi tekið við stjórn þeirra við andlát eiginmanns hennar.

### *III.2 FF ehf.*

Ákærða kveðst kannast við að hafa ritað undir eigendaskipti vegna bifreiðinnar [...] líkt og lýst sé í ákæru. Hún hafi sjálf ritað undir tilkynningu til Samgöngustofu fyrir sína hönd og fyrir hönd félagsins FF ehf. Hún kveðst hafa átt bilinn „til að byrja með“. Í framhaldinu hafi hún fært bifreiðina yfir á fyrirtækið þar sem það hafi verið „hagstæðara að reka hann af fyrirtækinu“. Félagið hafi hins vegar ekki greitt henni kaupverð vegna bifreiðarinnar. Að sögn ákærðu hafi hún fengið léleg kjör vegna bifreiðatrygginga hjá tryggingarfélagi sínu á meðan bifreiðin var skráð á félagið og því hafi hún brugðið á það ráð að færa bifreiðina aftur yfir á sitt nafn. Engar greiðslur hafi verið inntar af hendi

vegna eigendaskiptanna. Umrædd bifreið hafi „verið öll í rúst“. Þannig hafi rúða verið brotin að aftan og dekk sprungin. Hafi kostnaður við að koma bifreiðinni í ökuhæft ástand verið hærri en raunvirði bílsins. Þá hafi félagið skuldað sér pening, en hún hafi aldrei „skrifað sér laun“ hjá félaginu.

Ákærða kveðst hafa verið ökuréttindalaus á umræddum tíma, en hún hafi verið svipt ökuréttindum 30. apríl 2020 og hafi hún því ekki haft nokkur not af bifreiðinni. Ákærða kveðst hafa hafi selt bifreiðina á árinu 2022 án þess að þiggja sérstakt endurgjald fyrir þar sem bíllinn hafi þá verið „handónýtur“, en í marsmánuði árið 2020 hafi verið klippt á númeraplötur hennar vegna tryggingaskuldar. Hafi ákærða því ekki hagnast á umræddum eigendaskiptum.

Vitnið *rannsóknarlögreglumaður C* kveðst hafa tekið skýrslu af ákærðu vegna ákæruliðanna beggja og staðfestir lögregluskýrslur. Að sögn vitnisins var andvirði framangreinds ökutækis ekki rannsakað sérstaklega af lögreglu, en fyrirbyggjandi mat bifreiðasala sem óskað var eftir af hálfu skiptastjóra hafi verið lagt til grundvallar. Þá hafi ekki verið kallað eftir öðrum gögnum frá skiptastjóra vegna rannsóknarinnar.

#### *IV Niðurstaða*

##### *IV.1 Sjónarmið um frávísun máls*

Við munnlegan flutning málsins krafðist ákærði aðallega frávísunar málsins. Vísaði ákærði í því efni einkum til þess að í inngangsorðum ákæru sé vísað til fjársvika. Telur ákærði að háttsemislýsing ákæru geti ekki fallið undir fjársvik og því bæri að vísa málinu frá dómi. Ákæruvaldið hafi fyrst leiðrétt ákæru að þessu leyti við upphaf aðalmeðferðar málsins sem sé of seint að mati ákærða, enda hafi hin ranga tilvísun í ákæruskjali haft áhrif á varnir ákærðu.

Þá hefur ákærða jafnframt vísað til þess að háttsemislýsing ákæru sé ófullnægjandi og fari í bága við d. lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Þannig sé í ákæru verknáðarlýsingu fjárdráttar, umboðssvika og skilasvika blandað saman án nánari tilgreiningar, skýringa eða aðgreiningar.

Tekið er undir með ákærða að háttsemislýsing ákæru samræmist ekki verknaðarlýsingu 248. gr. almennra hegningarlaga. Allt að einu má vel ráða af lestri ákæru og samhengi þess sem þar kemur fram hver sú háttsemi sé sem ákært er vegna. Er til að mynda fullljóst að háttsemislýsingin lýtur aðallega að því að ákærði hafi dregið sér tilgreinda fjárhæð og verðmæti, líkt og nánar er lýst í ákæru. Er það enda hugtaksskilyrði fjárdráttar, samanber 247. gr. almennra hegningarlaga. Þá álitur dómurinn að verknaðarlýsing í ákæru sé að öðru leyti nægilega greinargóð og skýr þannig að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverðu háttsemi henni er gefin að sök og hvaða lagaákvæði ákærða er talin hafa brotið með háttsemi sinni. Telur dómurinn að vörnum ákærða hafi ekki verið áfátt við meðferð málsins vegna framangreindra annmarka og eru því ekki efni til að vísa málinu frá dómi af þessum sökum.

#### *IV.2 Niðurstaða varðandi ákærulið 1*

Ákærða er hér aðallega gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa dregið sér samtals 945.000 krónur af bankareikningi einkahlutafélagsins N ehf. með því að millifæra fjárhæðina inn á persónulegan bankareikning sinn, líkt og nánar er lýst í ákæru.

Ákærða hefur fyrir dóminum gengist við því að hafa framkvæmt umrædda millifærslu. Hefur ákærða annars vegar vísað til þess að um hafi verið að ræða tryggingabætur vegna tjóns sem varð á fasteign einkahlutafélagsins. Hafi ákærða millifært bótagreiðsluna inn á persónulegan reikning sinn og þaðan greitt annars vegar verktökum sem unnið hafi við endurbætur á húsnæðinu vegna tjónsins og hins vegar hafi hluti fjármunanna verið nýttur vegna tjóns á lager dýraverslunarinnar E ehf. Þá hefur ákærða jafnframt borið því við að hún hafi á þeim tíma ekki talið að framangreind háttsemi færi í bága við ákvæði laga enda hafi slíkur háttur almennt verið viðhafður við rekstur félagsins.

Óumdeilt er að ákærði millifærði umrædda fjárhæð af bankareikningi félagsins inn á persónulegan bankareikning sinn. Samkvæmt 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga er það refsivert ef maður tileinkar sér einhliða fjármuni, sem eru í vörslum hans eða eru eign annars manns, hvort heldur einstaklings eða lögaðila, enda sé það gert á ólögmetan hátt og í auðgunarskygni, sbr. 243. gr. laganna. Fjárdráttur er tileinkunarbrot þar sem þungamiðja verknaðar felst í ólögmetri hagnýtingu þeirra eignarréttinda sem eiganda einkum eru ætlaðar. Snýr ólögmet tileinkun í skilningi 247. gr. almennra hegningarlaga

að því að hin ólögmeta meðferð á eignum annarra sé svo gróf eða vítaverð að hún sé til þess fallin að svipta eiganda varanlegum umráðum sínum yfir verðmætunum. Miðast fullframning fjárdráttar við það tímamark þegar gerandi í skjóli aðstöðu sinnar sem vörsluhafi verðmæta fer að líta á þau sem sína eigin eign og fer með þau á þann veg, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar frá 20. nóvember 2020 í málinu nr. 533/2019. Þá hefur verið litið svo á að ekki sé nauðsynlegt að eigandi sé einkaeigandi að verðmætunum, sem getur átt þau í sameign með öðrum, jafnvel geranda.

Að framangreindu virtu er það mat dómsins að ákærði hafi með þeirri háttsemi sem henni er gefin að sök í 1. lið ákæru brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 243. gr. þeirra.

Ekki verður fallist á þau sjónarmið sem teft var fram við munnlegan málflutning að um væri að ræða einkaréttarlegan ágreining á milli ákærðu og þrotabús félagsins.

#### *IV.3 Niðurstaða varðandi ákærulið 2*

Í ákærulið 2 er ákærða gefið að sök að hafa, sem þáverandi fyrirsvarsmáður einkahlutafélagsins FF ehf., dregið sér bifreiðina [...], með því að framkvæma eigendaskipti og skrá bifreiðina af félaginu og yfir á sig sjálfa, án þess að endurgjald kæmi fyrir.

Hefur ákærða gengist við þeirri háttsemi. Hefur ákærða vísað til þess að hún hafi rúmu einu og hálfu ári áður skráð bifreiðina af sínu nafni yfir á nafn einkahlutafélagsins, án þess að sérstakt endurgjald kæmi fyrir auk þess sem hún ætti inni fjármuni hjá félaginu. Hefur ákærða þó ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings eða fært fyrir því aðrar sönnur.

Þá hefur ákærða vísað til þess að auðgunarásetning skorti þar sem bifreiðin hafi verið verðlaus eða verðlítill á umræddum tíma og því hafi henni ekki borið að inna af hendi endurgjald vegna eignayfirfærslunnar, sem hafi einkum verið gerð með það að markmiði að ná fram lægri tryggingariðgjöldum, en að sögn ákærðu munu tryggingarfélög almennt hafa veit lakari kjör til fyrirtækja en einstaklinga.

Í sakamálaréttarfari gildir sú meginregla að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvíli á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í 1. mgr. 53. gr. laganna greinir að markmið rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi. Þer rannsakanda við rannsókn sakamáls að gæt jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar sakbornings.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 12. september 2022 bar ákærða því meðal annars við að hún hefði á sínum tíma lagt bifreiðina inn í félagið án endurgjalds. Sé það svo má ætla að þá hafi myndast krafa hennar á hendur félaginu til samræmis. Ekki liggur fyrir að rannsókn málsins hafi lotið að þeim atriðum, sem ætla má að meðal annars hefði verið unnt að framkvæma með rannsókn ársreikninga og bankareikninga félagsins. Þá er það mat dómsins að álit bifreiðasala á verðmæti bifreiðarinnar, sem ekki verður betur séð en að hafi verið unnið án skoðunar á bifreiðinni, verði ekki lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Liggur því ekkert fyrir um verðmæti bifreiðarinnar á umræddum tíma.

Að mati dómsins verður ekki séð að ákærvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni var gefin að sök í ákæruliðnum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008.

Hvað varðar heimfærslu í ákæruskjali til 4. töluliðar 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga verður með engu móti ráðið að ákærða hafi á þeim tíma þegar eigendaskiptin áttu sér stað mátt ætla að staða einkahlutafélagsins væri með þeim hætti sem lýst er í 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti auk þess sem ekkert liggur fyrir um það í gögnum máls.

Er ákærða því sýknuð af sakargiftum samkvæmt ákærulið 2.

#### *V Ákvörðun refsingar*

Ákærða hefur samkvæmt framansögðu verið sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni er gefin að sök samkvæmt ákærulið 1. Er sú háttsemi ákærðu talin varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 243. gr. laganna.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærða ekki áður gerst sek um brot sem áhrif hafa á ákvörðun refsingar í máli þessu. Brot ákærðu samkvæmt 1. ákærulið varða nokkrum fjárhæðum í rekstri einkahlutafélagsins sem ákærða auk þess sem ekki verður annað ráðið en að ákærða hafi nýtt fjármunina í eigin þágu eða í þágu félags í hennar eigu.

Að þessu virtu er refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu þykir rétt, með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, að ákærða greiði tvo þriðju hluta sakarkostnaðar málsins sem að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði. Annan kostnað en málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns vegna vinnu hans við málið fram til 10. febrúar 2023 og Þórðar Heimis Sveinssonar lögmanns vegna vinnu hans frá þeim tíma að telja, leiddi ekki af málinu, en þau þykja hæfileg að meðtöldum virðisaukaskatti líkt og í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvalds flutti málið Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 184. gr. laga nr. 88/2008.

#### **Dómsorð:**

Ákærða, Lára Björk Sigrúnardóttir, sæti fangelsi í tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 185.256 krónur og Þórðar Heimis Sveinssonar lögmanns, 648.396 krónur. Þriðjungur málsvarnarlauna greiðist úr ríkissjóði.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson